

260 mismun, sem er á jarðlínu og loftlínuheimtaug, eins og sá mismunur er í gjaldskrá, 30. nóv. sem í gildi er þegar breytingin er framkvæmd. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða rask, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við slíka breytingu, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði stofntaugarinnar.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 20 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 163 27. september 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. nóvember 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

261

4. des.

AUGLÝSING

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Húnavatnssýslu, nr. 52 22. marz 1946.

17. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Búnaðarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Stofnfjárhæð hans er kr. 500000.00 — fimm hundruð þúsund krónur —.

Til stofnsjóðs telst:

1. Óafturkræf framlög búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarféлага, er nemi minnst kr. 125000.00.
2. Óafturkræf framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Stofnlán að upphæð kr. 125000.00, er endurgreiðist innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa og áhalda.

Til árlega tekna sjóðsins telst:

1. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt 13. og 16. gr.
2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. desember 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.